

Fræðslunefndarfundur 24.11.2025

Skólastarf í Húnaskóla frá byrjun september, þegar síðasta yfirferð vara gerð. Samantekt frá Þórhöllu Guðbjartsdóttur skólastjóri Húnaskóla

Síðast var farið yfir fjölda nemenda og starfsfólks, fyrirkomulag stoðþjónustu og helstu verkefni vetrar eins og Byrjendalæsi og Læsi fyrir lífið. Hér er framhald af þeirri yfirferð til 24. nóvember

Skólastarf gengur almennt vel.

Verkefni og starfsþróun

Byrjendalæsi - þrátt fyrir að innleiðingu sé lokið þá eru haldnir reglulegir fundir hér í skólanum og kennarar á yngsta stigi sem ekki voru með í innleiðingunni eru að mennta sig í verkefninu.

Læsi fyrir lífið - búið er að halda fjóra fundi með leiðbeinanda í verkefninu þ.e. einn stóran í ágúst sem áður hefur verið sagt frá, tveir staðfundir í viðbót auk eins á netinu. Kennarar æfa sig milli funda og næst kemur leiðbeinandi til okkar í áhorf í kennslustundir.

Nokkrir starfsmenn eru í námi í vetur eins og áður hefur verið sagt frá og töluvert um afleysingar vegna staðlota og skyldurviðveru í streymi/á neti.

Danski gestakennarinn okkar, Grete Felt Hansen, var hér í mánuð og var mikill fengur að hennar heimsókn. Hún tók þátt í öllu okkar skólastarfi og fékk m.a. að kynnast bændasamfélaginu okkar og fór í réttir í haustfríinu eins og margir. Hún kemur svo aftur til okkar eina viku í desember 8. - 12. desember.

Samskiptaverkefnið Láttu þér og öðrum líða vel í 5. og 6. bekk var keyrt af stað um miðjan október. Þá kom Margrét Sigurðardóttir frá Verum góð og hélt nokkra fundi með nemendum, foreldrum, starfsfólki skólans og fulltrúum Íþróttamiðstöðvar, félagsmiðstöðvar og Hvatar auk þjálfara. Umsjónarkennarar bera hitann og þungann af verkefninu en allir aðrir taka þátt. Þess má geta að við nýtum okkur matskerfið Meta Geta, sem skólarnir í Húnabyggð eru áskrifendur að. Allir hagaðilar verkefninsins meta frammistöðu reglulega, sumir vikulega og aðrir nokkrum sinnum í ferlinu en verkefnið stendur fram að jólafríi.

Skólastjóri ásamt fræðslustjóra fór um miðjan nóvember á kynningarfund á Akureyri um MEMM (Menntun, móttaka, menning). Vefsíða MEMM er ætluð kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi. Mjög fróðleg og þörf kynning. ISAT- kennari Húnaskóla fór síðan á heilsdagsnámskeið daginn eftir. Tilgangur MEMM er að miðla gagnlegum verkfærum, fræðslu og hugmyndum til skóafólks til að styðja við menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Skólastjórnendur eru að vinna að undirbúningi stöðu- og framvinduprófa sem fyrirhuguð eru í mars með því að kynna sér allar upplýsingar og gera allt klárt í Nemendagrunni og Matsferli hjá MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu). Það er töluvert vinna sem er í kringum samræmdu prófin og margt sem huga þarf að svo allt gangi vel fyrir sig. Skólum ber að leggja prófin fyrir 4. 6. og 9. bekk en stöðu- og framvindupróf verða lögð fyrir alla nemendur í

4.-10. bekk Húnaskóla frá og með núverandi skólaári. Staðan verður síðan endurmetin næsta vor að loknum prófum.

Framkvæmdir

Viðbót við það sem kom fram í byrjun september. Búið er að framkvæma þau verkefni sem lágu fyrir sem snúa að hljóðvist í Gamla skóla fyrir Skóladagheimilið. Einnig voru settir upp skápar sem eiga að bæta aðeins aðstöðuna. Aðstaðan er þó ekki góð þar sem hún er á mörgum svæðum og því erfitt að hafa yfirsýn. Lokið er við að setja niður Parísá á torgið fyrir framan skólabyggingarnar. Ekki náðist að setja niður sandkassann fyrir frost ein og áætlað var vegna anna hjá þjónustumiðstöð vegna annarra framkvæmda hjá sveitarfélaginu. Vonandi næst það strax í vor þegar frost fer úr jörðu. Allt timbur er úr Gunnfríðarstaðarskógi og er það tilbúið. Skólastjóri hefur sent inn beiðni til sveitarstjóra um lausnir vegna slysa og slyshættu í vinsælustu sleðabrekkunni. Á meðan lausn er ekki fundin verða sleðar ekki leyfðir þar á skólatíma, aðeins rassapotur.

Árlega sendir skólastjóri beiðnablað til sveitarstjóra/sveitarstjórnar fyrir fjárhagsáætlanagerð. Þar inni eru alltaf beiðnir um það sem betur má fara í öryggismálum í skóla og á skólalóð auk allra annarra framkvæmda/viðhaldsbeiðna. Það potast alltaf eitthvað og síðustu ár hafa verið gerðar úrbætur sem lengi höfðu verið á lista skólastjórnenda. En við getum og þurfum alltaf að vera vakandi og bæta það sem betur má fara.

Skólastarfið

Kynningarkvöld voru haldin 16. og 17. september. Sameiginlegir fyrirlestrar voru haldnir í Félagsheimilinu um farsæld, foreldrasamstarf og Mentor en síðan fóru foreldrar með umsjónarkennurum í kennslustofur þar sem farið var yfir það helsta varðandi skólastarfið. Mæting var góð.

Foreldraviðtalsdagur (nemendur og foreldrar hitta umsjónarkennara) var 14. október og var mæting einstaklega góð. Þess má geta að í september voru umsjónarkennarar búnir að taka nemendur sína í einstaklingsviðtöl.

Foreldrafélagið - Aðalfundur var haldinn í lok október, skipt um stjórn. Dagskrá fjölbreytt; kynning á niðurstöðum ÍÆ 2025, fyrirlestur um börn og samfélagsmiðla og hlutverk bekkjarfulltrúa. Skólastjóri þakkar fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn. Stjórn skipa Elvar Ingi Jóhannesson, Hulda Birna Vignisdóttir, Harpa Bjarnadóttir og Sara Lind Kristjánsdóttir

Útikennsla - Allir árgangar Húnaskóla fóru í sínar árlegu gönguferðir í Húnabyggð en útivistarvalið fór út fyrir sveitarfélagsmörkin og fór upp á Spákonufell. Fyrirlestrar og fræðsla á haustþingi starfsfólks hafa heldur betur hreyft við starfsfólki og er útikennsla orðin fastur liður í vikuáætlun margra bekkja. Einnig er útiðunarval vinsælt hjá unglingunum.

Íþróttadagur Húnaskóla var haldinn á Heilsudögum Húnabyggðar 25. september og gekk hann vel að vanda. Allir tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá. Í tengslum við heilsudagana tóku nemendur og starfsfólk skólans einnig þátt í Göngum í skólann verkefninu og var gullskórinn afhentur 3. október. Góð þátttaka var og margir árgangar með fyrirmyndar þátttöku. Þess má

geta að Húnaskóli tekur alltaf þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ á íþróttadaginn og var skólinn einn af þremur skólum sem dreginn var út í tengslum við þátttöku í hlaupinu í ár.

Skólinn hlaut að launum 150.000 kr. gjafabréf frá Altis, sem hægt verður að nýta til kaupa á búnaði fyrir skólalóð eða íþróttasal og er Óli Ben íþróttakennari kominn með langan óskalista frá nemendum og starfsfólki.

Landsmót Samfés var haldið hér á Blönduósi helgina 3. - 5. október. Skólinn var notaður til gistingar og var gíst í öllum þeim rýmum sem slökkviliðsstjóri og skólastjóri gáfu leyfi fyrir.

Valgreinadagur var haldinn hér í Húnaskóla 9. október. Nemendur í 8. - 10. bekk Húnaskóla, Höfðaskóla og Grunnskóla Húnapings vestra komu saman og tóku þátt í fjölbreyttum smíðjum sem núverandi og fyrrverandi starfsfólk sá um. Samdóma álit var að dagurinn hafi heppnast mjög vel og endaði dagurinn á pitsuveislu á Teni í boði skólanna.

Ungmennaping SSNV var haldið 7. október hér í Félagsheimilinu á Blönduósi og átti Húnaskóli 10 fulltrúa þar úr 9. og 10. bekk.

Í byrjun október fór 10. bekkur á skólakynningar í MA og VMA og 20. nóvember fór 9. og 10. bekkur á Starfamessu í FNV. Starfamessa er á vegum SSNV og er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2025.

Starfsfólk skólans tók þátt í kvennaverkfalli 24. október. Felld var niður gæsla fyrir 3. og 4. bekk á Skóladagheimilinu vegna þessa.

Húnaskóli fékk viðbótarframlag til endurnýjunar á fartölvum fyrir starfsfólk svo hægt væri að bregðast við þeim vanda sem blasti við vegna uppfærslu á Windows11. Þakkar skólastjóri kærlega fyrir skjót og góð viðbrögð yfirvalda.

Dagný fræðslustjóri er að ljúka kynningum á niðurstöðum ÍÆ 2025, búin með starfsfólk, foreldra, fræðslunefnd og flesta nemendur en á eftir kynningu í tveimur árgöngum. Með starfsfólki og nemendum hefur hún farið í hugmyndavinnu, eins og síðasta skólaár, út frá niðurstöðunum og mun hún taka það saman fyrir okkur í lokin og svo vinnur skólinn áfram með niðurstöðurnar. Það átti vel við að Dagný fór í flesta bekki (sem tóku þátt í könnuninni) á degi mannréttinda barna 20. nóvember.

Það er orðin hefð fyrir því á Vináttudaginn okkar (haldinn í kringum dag gegn einelti) að vinabekkir hittist og geri eitthvað skemmtilegt saman (1. og 6., 2. og 7., 3. og 8., 4. og 9. og 5. og 10. bekkur) og var það einnig að þessu sinni. Vináttudagurinn okkar var haldinn 6. nóvember. Vinabekkir hittast nokkrum sinnum yfir veturinn.

Reykjaskólaferð 7. bekkjar var dagana 10. - 13. nóvember. Eins og ávallt gekk dvölin þar mjög vel.

Á döfinni:

10. bekkur er alltaf með fjölbreyttar fjáraflanir í gangi fyrir lokaferð sína. Hluti af þeim má segja að séu á sama tíma samfélagsverkefni. Þau ganga reglulega í hús og bera út Sjónhornið, þau keyra um sveitir (með forráðamönnum að sjálfsögðu) og selja WC og eldhúsrúllur og þau sjá samfélaginu fyrir skemmtunum og taka þátt í viðburðum sem aðrir

halda. Á næstunni er stórbingó, núna 27. nóvember og einnig eru þau í þessum töluðu orðum að baka fyrir jólagleði í Hillebrandshúsinu.

Starfsdagur starfsfólks Húnabyggðar er haldinn 28. nóvember.

Skreytingadagur 5. desember

Litlu jól 19. desember.